

Landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra
Kristján Þór Júlíusson
Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 7. maí 2018.

Efni: „Mótvægisáðgerðir“ vegna tollasamnings Íslands og ESB.

Vísað er til fréttar sem birtist á vef ráðuneytisins sl. miðvikudag, 2. maí, þar sem fjallað er um „mótvægisáðgerðir“ stjórnvalda vegna tvíhliða samnings Íslands og Evrópusambandsins um lækkun tolla á landbúnaðarvörum.

Í fréttinni er vitnað til skýrslu starfshóps sem settur var á fót í apríl 2016 og skilaði tillögum um „mótvægisáðgerðir“. Félag atvinnurekenda hefur áður gagnrýnt harðlega skipan þess hóps, en hann var eingöngu samansettur af fulltrúum ríkisins og innlendra framleiðenda matvöru. Innflutningsfyrirtæki og neytendur fengu enga aðkomu að starfi hópsins, enda virðist hlutverk hans aðallega hafa verið að finna upp á leiðum til að hafa aftur af neytendum þann ávinning, sem fólst í tollasamningnum við ESB.

I. Áform um umreikning á tollkvótum

Í frétt ráðuneytisins er í fyrsta lagi greint frá því að stefnt sé að því að hrinda í framkvæmd tillögu hópsins um að „við útreikning á magni tollkvóta við innflutning verði miðað við ígildi kjöts með beini, í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar.“ Í frétt Morgunblaðsins 4. maí síðastliðinn, sem virðist byggð á upplýsingum frá ráðuneytinu, er fullyrt að þetta þýði að tollkvótar sem samið hefur verið um við Evrópusambandið muni nýtast verr og þriðjungur minna kjöt verði flutt inn án tolls en ella hefði orðið.

Félag atvinnurekenda mótmælir þessum áformum ráðuneytisins harðlega. Í tollasamningi Íslands og ESB er hvergi kveðið á um að tollfrjálsir innflutningskvótar fyrir kjötvörur skuli miðaðir við kjöt með beini. Samningurinn tekur því til hvort heldur er innflutnings á úrbeinuðu kjöti eða kjöti með beini. Fyrsta úthlutun á tollkvótum samkvæmt samningnum hefur þegar átt sér stað og er þar enginn greinarmunur gerður á kjöti með eða án beins.

FA bendir einnig á að slíkir innflutningskvótar, byggðir á milliríkjasamningum, hafa verið í gildi á Íslandi í 23 ár, eða frá því WTO-samningurinn tók gildi árið 1995. Alla tíð hefur verið miðað við innflutning á kjöti hvort heldur er með eða án beins.

Þegar samningurinn við ESB var gerður kynntu tveir ráðherrar, þeir Sigurður Ingi Jónsson og Gunnar Bragi Sveinsson, hann sem „fagnaðarefni fyrir íslenska neytendur“ sem myndi hafa „mjög jákvæð áhrif fyrir neytendur“¹ Það er algjörlega forkastanlegt að nú, tveimur og hálfu ári síðar, skuli landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra tilkynna áform um að hafa af neytendum stóran hluta þess ávinnings, sem í samningnum felst.

Ekki eingöngu mun þessi fyrirætlun, verði hún að veruleika, draga úr framboði á kjöti frá Evrópusambandinu um allt að þriðjung, heldur mun hún að sjálfsgöðu leiða til raunhækkunar á því verði sem innflytjendur bjóðast til að greiða fyrir innflutningsheimildirnar í formi útboðsgjalds. Hér er því um að ræða ákvörðun ráðherra

¹ Fréttatilkynning utanríkisráðuneytisins og atvinnuvegaráðuneytisins 17. september 2015.

Þessi efnis að hækka tiltekinn skatt og skerða atvinnufrelsi. Til slíks þarf hins vegar beina og fortakslausa lagaheimild. Breytingin mun bæði draga úr framboði og hækka verð og skaða þannig bæði hag neytenda og íslenzkrar verzlunar.

Félag atvinnurekenda óskar svara um eftirfarandi:

1. Hvaða reiknireglum hyggst ráðuneytið beita við umreikning tollkvóta í „*ígildi kjöts með beini?*“ Á hvaða grunni eru þær reiknireglur byggðar?
2. Hverjar eru hinar alþjóðlegu skuldbindingar sem vísað er til í frétt ráðuneytisins?
3. Hefur ráðuneytið óskað samráðs við fulltrúa innflytjenda eða neytenda um fyrirhugaða breytingu?
4. Hyggst ráðuneytið framkvæma athugun á röskun á réttmætum væntingum þeirra aðila sem hagsmuna eiga að gæta vegna fyrirhugaðrar breytingar?
5. Telur ráðuneytið að þessi fyrirætlan standist 10. grein sammingsins við Evrópusambandið? Hún er svohljóðandi: „*Sammingsaðilarnir eru sammála því að tryggja að ávinningnum, sem þeir veita hvor öðrum, verði ekki stefnt í hættu með öðrum takmarkandi innflutningsráðstöfunum.*“
6. Skerðing atvinnufrelsis og skattlagning skal samkvæmt ákvæðum stjórnarskrár byggja á lagaheimild og óheimilt er að eftirláta ráðherra vald til að hafa áhrif á hið síðarnefnda. Óskað er eftir því að ráðuneytið tiltaki þá lagaheimild sem fyrirhuguð ákvörðun byggir á.

Félag atvinnurekenda telur raunar að spurningu 5 sé auðsvarað; þessi fyrirætlan telst klárlega takmarkandi innflutningsráðstöfun. Þá væri með þessari ráðstöfun augljóslega brotið gegn rétti jafnt neytenda sem innflutningsfyrirtækja, sem byggt hafa réttmætar væntingar á tollasamningnum við ESB. Verði áformum ráðuneytisins hrint í framkvæmd kunna innflutningsfyrirtæki að þurfa að leita þess réttar síns.

II. Fjölgun útboða á tollkvóta

Í öðru lagi kemur fram í frétt ráðuneytisins að það sé „þegar komið til framkvæmdar að auglýsa ESB tollkvóta tvisvar á ári.“

Félag atvinnurekenda ber brigður á þessa framsetningu ráðuneytisins. Forsaga þessa máls er sú að tollkvótar, hvort heldur er samkvæmt WTO-samningnum eða fyrri tollasamningi við ESB, hafa verið auglýstir einu sinni á ári. Ráðuneytið hrinti hins vegar í framkvæmd tillögu áðurnefnds starfshóps um fjölgun útboða í byrjun árs 2017. Var það gert að tillögu ráðgjafarnefndar um inn- og útflutning á landbúnaðarvörum. FA andmælti þeirri tillögu nefndarinnar harðlega í tölvupósti til ráðuneytisins 22. nóvember 2016 og spáði því að breytingin myndi hafa í för með sér verðhækkun til neytenda, með eftirfarandi rökum:

- Erfiðara verður fyrir innflytjendur að skipuleggja innflutning og birgðahald. Þetta mun bitna á fyrirsjáanleika í rekstri og afhendingaröryggi gagnvart verslunum og veitingahúsum. Nógu erfitt hefur verið að tryggja slíkt í núverandi kerfi. Afleiðingarnar verða þveröfugar við það sem fram kemur í rökstuðningi nefndarinnar, að tryggja eigi „jafnara flæði vara inn á íslenskan markað.“
- Styttra tímabil eykur hættu á að kvótar fullnýtist ekki og magn sem innflytjendur hafa greitt fyrir fyrir.
- Tíð uppboð þýða meira umstang og kostnað fyrir innflytjendur og herra verð á tollkvótunum. Hvort tveggja mun koma fram í endanlegu verði til neytenda.

Þessi spá FA gekk síðan eftir; í fyrstu útboðunum á WTO- og ESB-tollkvótum til hálfis árs í senn hækkaði útboðsgjald mikið. Ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning á landbúnaðarvörum lagði í maí 2017 til að fallið yrði frá hinu nýja fyrirkomulagi hvað

WTO-tollkvótana varðaði, vegna óánægju innflytjenda. Í júní 2017 voru þeir því á ný auglýstir til heils árs í senn. Í nóvember 2017 voru tollkvótar samkvæmt gildandi samningi við ESB svo auglýstir, einnig til heils árs í senn og þannig fallið frá ákvörðun fyrrverandi landbúnaðarráðherra, Gunnars Braga Sveinssonar. Tollkvótar samkvæmt hinum nýja samningi við ESB, sem tók gildi 1. maí, voru auglýstir í marz síðastliðnum og þá fyrir þá átta mánuði ársins sem eru frá gildistöku samningsins og til áramóta. Í þeirri auglýsingu kom ekkert fram um að tollkvótarnir yrðu framvegis auglýstir tvisvar á ári.

Í framhaldi af þessu óskar Félag atvinnurekenda svara um eftirfarandi:


1. Hvernig og hvar var ákvörðun ráðuneytisins birt, um að breyta útboðstímabilinu í þriðja sinn á tveimur árum?
2. Hvaða gögn og rannsóknir á hagsmunum aðila lágu fyrir áður en umrædd ákvörðun var tekin?
3. Við hvaða aðila var haft samráð áður en umrædd ákvörðun var tekin?
4. Hvaða aðilar lögðu það til við ráðuneytið að umrædd breyting ætti sér stað?
5. Hvaða rannsóknir fóru fram á röskun á réttmætum væntingum þeirra aðila sem kerfið tekur til um að njóta áfram sama starfsumhverfis?

Jafnframt er óskað eftir eftirfarandi gögnum með vísan til ákvæða upplýsingalaga:

- afriti af öllum vinnugögnum, þ.m.t. útreikningum, fundargerðum og öðrum skjölum sem snerta framangreinda ákvörðun.
- samskipti aðila við ráðuneytið og samskipti ráðuneytisins við aðila er snerta umrædda ákvörðun.

Rétt er að fram komi að með vísan til ráðuneytisins hér að ofan er jöfnum höndum átt við ráðuneytið, nefndir á þess vegum, svo sem ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara, og undirstofnanir.

Virðingarfyllst,


 Ólafur Stephensen
 framkvæmdastjóri FA